

Kafli 7 – Póst-strúktúralismi og póstmódernismi

Spurningar úr efni bls. 219-228.

1. Hvað er það sem póst-strúktúralismi og póstmódernismi gagnrýna í fari vestrænnar hugsunar?
2. Hvert er eitt af grundvallaratriðum strúktúralisma og póst-strúktúralisma?
3. Hverjar voru hugmyndir Ferdinands de Saussure um hugtökin tákmynd og táknið?
4. Með hvaða hætti er póst-strúktúralismi gagnrýni á strúktúralisma?
5. Hvað þýðir það að póst-strúktúralismi boði aðskilnað milli tákmyndar og tákniðs?
6. Hvað þýðir hugtakið orðræða hjá Michel Foucault?
7. Hvaða orðræða var það sem Foucault gaf sérstakan gaum í helstu verkum sínum?
8. Hvernig tengist svokallaður póstmóderismi þeim hugmyndum sem koma fram í póst-strúktúralisma?
9. Hvernig varð hugtakið póstmódernismi til?
10. Hver er kjarninn í hinni póstmódernísku hugsun?
11. Hvernig má sjá mun á móðernisma og póstmóðernisma í listum?
12. Hver er helsta sýn Baudrillard á vöruheiminn, neyslu og lífsstíl?
13. Hvað þýðir það að Baudrillard hafi gagnrýnt efnahagslega smættarhyggju marxismans?
14. Hvað á Baudrillard við með hugtökunum eftirlíking, ofurveruleiki og sýndarveruleiki?
15. Hvað þýðir það að Baudrillard sé sammála Marshall McLuhan þegar sá síðarnefndi segir: „Miðillinn er boðskapurinn“?

16. Hvernig ber að skilja þessi orð: „Um leið og félagsfræði er tilraun til þess að skilja þær félagslegu aðstæður sem móta mannlífið er hún sjálf afurð þessara aðstæðna; aðstæðurnar leggja grunninn að félagsfræðinni og samtímis leitast hún við að greina og kryfja þessar aðstæður“?
17. Hver er helsta gagnrýni á póstmódernisma?
18. (Hópverkefni) Lesið ljóðið eftir Sjón á bls. 226. Hvernig má túlka það? Ræðið muninn á póstmódernisma og póstífisma (raunspeki). Hvað ber á milli í þessum stefnum. Hvernig er hægt að rannsaka mannlífið með sjónarhorni póstmódernisma eða póst-strúktúralisma?